

Sveitarfélagið Hornafjörður  
Anna Bragadóttir  
Hafnarbraut 27  
780 Höfn í Hornafirði

Reykjavík, 4. mars 2024  
UST202401-361/A.B.  
10.04.03

### **Efni: Tillaga - Deiliskipulag - Leiðarhöfði á Höfn - Sveitarfélagið Hornafjörður**

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Sveitarfélagsins Hornafjarðar er barst 25. janúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi fyrir Leiðarhöfða á Höfn.

Í greinargerð kemur fram að tilgangur deiliskipulagsins er að móta heildstætt skipulag fyrir Leiðarhöfða og styrkja hann sem áfangastaðar á Höfn. Auk þess segir að þar sem verið er að gera heildarlausn fyrir eftirsóknarverðan áningarstað með fjölbreyttum dvalarsvæðum. Markmiðið er að skipulagið auki aðráttarafl Hafnar sem ferðamannastaðar og dragi til sín heimamenn.

Einnig kemur fram að í tillöggunni eru skilgreindir tveir byggingarreitir, þ.e. reitur fyrir Grænu höllina þar sem gert er ráð fyrir fjölnota rými fyrir samfélagið og reit fyrir kayakgeymslur og auk þess er gert ráð fyrir göngustígum, tjörn, leiksvæði og hjólastæði.

#### **Leirur**

Í greinargerð segir umhverfis Leiðarhöfða liggur bryggjustígur sem svífur á timburgrindum út á vatnið. Einnig segir að fuglar leita að æti allt í kringum höfðann allan ársins hring, þó mest stokkendur og mávar. Á fjöru má sjá fjölda vaðfuglategunda leita sér ætis í leirunum.

Umhverfisstofnun bendir á eins og kemur fram í greinargerð að leirur eru meðal mikilvægustu fæðusvæða vaðfugla hér á landi<sup>12</sup> auk þess njóta þær sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. sama ákvæðis. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúrufyrirbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

<sup>1</sup> <https://www.ni.is/is/grodur/vistgerdir/fjara/leirur>

<sup>2</sup> <https://www.ni.is/is/grodur/vistgerdir/fjara/sandmadsleirur>

Umhverfisstofnun leggur áherslu á að fjallað sé um votlendið í tillögunni og það komi fram hvaða leiðir verði farnar til þess að forðast rask votlendisins sbr. 61. gr. náttúruverndarlaga og hvaða valkostir séu skoðaðir. Umhverfisstofnun bendir á að ef tillagan gerir ráð fyrir röskun á votlendi þurfi að rökstyðja þá ákvörðun og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu.

Ekki er fjallað nánar um áhrif tillögunnar á leirurnar sem þarf að gera, en að mati Umhverfisstofnunar munu pallar/ stígar út á leirurnar valda raski og hafa því neikvæð áhrif á þær og fuglalífið.

Því þarf, í samræmi við ofangreint ákvæði náttúruverndarlaga, að koma fram hvaða brýnu almannahagsmunir réttlæta röskun á votlendinu.

Stofnunin bendir á að skyldt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til ítarlegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að vega saman mikilvægi náttúruminjanna sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. og 3. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr. laganna.

Ákveði leyfisveitandi að veita leyfi þrátt fyrir framangreint skal hann, með vísan í 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, rökstyðja þá ákvörðun sérstaklega og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Einnig skal gera grein fyrir fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum, sem og mögulegri endurheimt náttúruverðmæta þegar það á við. Þá skal afrit af útgefnu leyfi sent Umhverfisstofnun, sbr. 6. mgr. ákvæðisins.

Þess má einnig geta að leyfisveitanda er heimilt, skv. 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, að binda leyfi þeim skilyrðum sem eru nauðsynleg til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á þau náttúrufyrirbæri sem verða fyrir röskun.

Í skipulagsáætluninni er ekki fjallað sérstaklega um framkvæmdir sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar skv. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Umhverfisstofnun lítur því svo á að umsögn þessi uppfylli ekki umsagnarskyldu skv. 2. mgr. 68. gr., sbr. 3. mgr. 61. gr. og áskilur sér rétt til umsagnar áður en veitt er leyfi vegna framkvæmda sem kunna að raska vistkerfum og jarðminjum sem taldar eru upp í 1. og 2. mgr. 61. gr. laganna.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson

**sérfræðingur**

Rakel Sæmundsdóttir

**sérfræðingur**